

# Starfsævilöng kennaramenntun

## Undirbúningur fyrir vinnu starfshóps á vegum fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara ákvað á fundi sínum 9.6.2015 að setja af stað vinnu til að móta tillögur um starfsævilanga kennaramenntun um nám og starfsþróun kennara sem teygði sig frá upphafi grunnnáms til meistaragráðu til starfsloka á vettvangi. Hvernig heildstæð kennaramenntun alla starfsævi kennara liti út, inntak og tengsl einstakra þátta, form þeirra og heildarskipulag.

Eftirfarandi verði m.a. haft til hliðsjónar:

- Grunnmenntun og vægi starfsþjálfunar á vettvangi.
- Nýliðaðþjálfun.
- Leiðsögn og handleiðsla í starfi.
- Símenntun og starfsþróun í starfi.
- Ígrundun í starfi, rannsóknir á vettvangi alla starfsævina.

Stýrihópur fagráðs fól Aðalheiði og Jóni Torfa að móta ramma og inntak um þetta áður en vinna starfshópsins hæfist.

## Inngangur

Gengið er út frá því að í öllu faglegu starfi þurfi sífellt endurnýjun og það á ekki síst við kennarastarfið (og öll önnur fagstörf tengd því) vegna þess hve starfið og starfsumhverfið breytist hratt.

En þannig er ekki rætt um menntun kennara í daglegu tali. Í hugum langflestra er menntun kennara samheiti við grunnmenntun kennara en ekki sem starfsævilöng menntun. En hvað er átt við þegar talað er um menntun kennara sem ævimenntun?

Hér á eftir eru dregin fram fjölmörg atriði sem koma þessu máli við, og einnig fjölmargir ólíkir verk- eða skipulagsþættir sem koma við sögu í starfsævilangri menntun kennara. Það er hugsanlegt að fella alla þessa þætti undir starfsþróun, en það mætti líka hugsa sér að það væru aðeins sumir þeirra.

## Spurningar – Íhugunarefni

Spurningar sem vakna eru einkum í hvaða skilningi er gagnlegt eða æskilegt að horfa heildstætt á alla þessa þætti. Einnig í hvaða skilningi er ljós samfella milli einstakra þátta og hvar eru augljós skil, t.d. skoðað út frá kostnaðarábyrgð (hver skal bera kostnað), skipulagsábyrgð (í hvers höndum er skipulagið) og ákvörðunarrétti (hver tekur ákvörðun eða hverjir) eða -skyldu einstakra aðila.

Þótt litið sé á kennarastarfið heildstætt er full ástæða til gefa ólíkum þáttum þess ríkan og sérstakan gaum (þættir 2-10 í töflunni hér fyrir neðan) og spyrja spurninga um þá þætti sem máli skipta. Einnig að skilgreina þá.

- Hverjir bera ábyrgð á hverjum þætti eða hvernig er ábyrgðarluta skipt?
- Hverjir bera kostnað af hverjum einstökum þætti? Hvað tilheyrir ríkvaldinu, eða einstökum sveitarfélögum eða skólum og hvað á heima í kjarasamningi?
- Hverjir hafa áhrif á efni og skipulag einstakra þátta?
- Hverjir fylgjast með þörfum kennara og tilefni til símenntunar eða þróunar?
- Á að vera rammi og formgerð um hvern þátt, sem lýtur að þeim atriðum sem að ofan eru nefnd um ábyrgð, skyldur og ákvörðun, t.d. tímasetningum námsleyfa og rétti til þeirra, leiðsagnar í starfi og ígrundunar í starfi. Sama spurning á að breyttu breytanda við um alla þá þætti sem nefndir eru í töflunni hér að neðan. Í slíkum ramma kæmi fram hverjir bera ábyrgð og kostnað.
- Lykilspurningin er e.t.v. samt þessi: Er skynsamlegt að stefna að heildarskipulagi þessara þátta og búa til ramma og formgerð (strúktúr) sem nær til þeirra allra, en að auki hvers fyrir sig?

## 1 Nám til prófgráðu

- 1.1 Formleg prófgráða
  - 1.1.1 Meistarapróf
  - 1.1.2 Doktorspróf

## 2 Starfsþjálfun

- 2.1 Æfingakennsla
- 2.2 Nýliðaleiðsögn, kandiðatsár?
- 2.3 Leiðsögn eða handleiðsla á starfsferlinum

## 3 Ígrundun í starfi og rannsóknir

- 3.1 Rannsóknir í grunnnámi (sjá lið 1)
- 3.2 Ígrundun í starfi og starfendarannsóknir
- 3.3 Þátttaka í rannsóknum háskóla eða annarra

## 4 Námskeið innan og utan skólakerfisins

- 4.1 Einstök námskeið til eininga
- 4.2 Námskeið utan skólakerfisins

## 5 Málstefnur fundir og erindi

- 5.1 Utan skólans
- 5.2 Innan skólans

## 6 Heimsóknir utan lands eða innan

## 7 Þróunarverkefni

- 7.1 Í skólastarfinu (með eða án þátttöku annarra skóla); t.d. með styrkjum úr sprotasjóði
- 7.2 Í slagtogi við aðra skóla, og á svæðum
- 7.3 Erlend eða innlend samstarfs- eða þróunarverkefni

## 8 Námskrárvinna – skólanámskrá

## 9 Þróun námsefnis og kennsluhátta

## 10 Námsorlof

- 10.1 Fyrir starfandi kennara sem ekki hafa meistaragráðu
- 10.2 Skilgreint einingabært háskólanám fyrir þá sem hafa meistaragráðu, t.d. til að dýpka sérhæfingu í faggrein/námssviði, kennarafræðum, stjórnunarnám o.fl.